# Ártúnsskóli - sjálfsmatsskýrsla

Grunnskólalög kveða á um að grunnskólar landsins meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Markmið innra og ytra mats er að fylgjast með og bæta árangur og gæði skólastarfsins. Matsáætlun Ártúnsskóla er sett niður á mánuði skólaársins. Sjálfsmatsskýrslan er unnin jafnt og þétt yfir skólaárið og endapunkturinn lagður í lok skólaárs þar sem rýnt er í hvernig gekk, niðurstöður skoðaðar og metnar. Sjálfsmatsskýrslan er gefin út á heimasíðu skólans og kynnt skólaráði og starfsfólki.

**Matsþættir, skólaárið 2023 - 2024**

| Tímarammi | Viðfangsefni | Ábyrgð |
|---|---|---|
| **Ágúst** | 1. Skólanámskrá, endurskoðun (á skólaárinu)<br>2. Símenntunaráætlun kynnt | 1. Skólastjórnendur og kennarar<br>2. Skólastjórnendur |
| **Mat:** | 1. Lestur og rýni á skólanámskrá hófst í upphafi skólaárs með yfirlestri.<br>2. Símenntunaráætlun kynnt og send út á allt starfsfólk í ágúst. | |
| **September** | 1. Lesferill lagður fyrir 1. - 7. bekk<br>2. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>3. Kennsluáætlanir - útgáfa, breytt snið<br>4. Starfsáætlun, kynnt á kennarafundi og í skólaráði | 1. Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu.<br>2. Umsjónarkennarar<br>3. Kennarar og skólastjórnendur<br>4. Skólastjórnendur |
| **Mat:** | 1. Lesferill lagður fyrir af umsjónarkennurum.<br>2. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.<br>3. Mikil vinna var lögð í nýtt útlit kennsluáætlana og þær voru sendar til foreldra í haust. Á meðan skólinn er ekki með virka | |

<table>
<tr><td></td><td colspan="2">heimasíðu þá eru kennsluáætlanir settar upp á litlum vef https://sites.google.com/gskolar.is/kennsluatlanir23-24/heim<br>4. Starfsáætlun var unnin af stjórnendum í september og kynnt skólaráði, kennurum og send til Skóla- og frístundasviðs í lok september. Þar sem heimasíða skólans er ekki virk þá fór mikil vinna í að koma áætlunum sem snúa að skólastarfinu í virka tengla.</td></tr>
<tr><th>Tímarammi</th><th>Viðfangsefni</th><th>Ábyrgð</th></tr>
<tr><td>Október</td><td>1. Niðurstöður lesfimi rýndar og kynntar á kennarafundi og fundi skólaráðs.<br>2. Starfsáætlun grunnskóladeildar skilað inn<br>3. Sjálfsmat nemenda í tengslum við foreldraviðtöl - haustsamtöl.<br>4. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>5. Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk</td><td>1. Deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóri<br>1. Skólastjórnendur<br>2. Umsjónarkennarar<br>3. Umsjónarkennarar<br>4. Aðstoðarskólastjóri og umsjónarkennarar<br>5. Skólastjórnendur</td></tr>
<tr><td>Mat:</td><td colspan="2">1. Niðurstöður í lesfimi komu vel út. Nemendur hafa samt sem áður tekið dýfu eftir sumarið. Árgangarnir eru allir við viðmið 1. Bláa línan er Ártúnsskóli en rauða línan er landið.




2. Starfsáætlun var skilað inn til Skóla- og frístundasviðs og birt á lendingarsíðu skólans</td></tr>
</table>

| | | |
|---|---|---|
| | https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-10/starfsaaetlun_2023-241.pdf<br>3. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.<br>4. Foreldraviðtöl fóru fram 25. október, kennarar skiluðu inn samantektarblaði eftir viðtölin til stjórnenda. Góð mæting var í viðtölin í öllum árgöngum og langflestir ánægðir með skólastarfið. Foreldrar á miðstigi spurðu út í þjónustu þegar börn þurfa aðstoð vegna kvíða og líðan. Kennarar bentu á námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðing og að hægt sé að leggja inn umsókn fyrir viðtöl til skólaþjónustunnar. Einnig voru nefnd flókin samkiptamunstur hjá nemendum og kennarar lögðu áherslu á við nemendur að vera hluti af lausninni en ekki vandamálinu. Fótbolti í frímínútum og neikvæð samskipti nemenda í fótboltanum og eftir fótbolta bar á góma í nokkrum viðtölum. Í framhaldi af því fengum við heimsókn frá Fylki þar sem rætt var við nemendur á sal um framkomu í fótbolta sem og öðrum íþróttum. Og áhersla lögð á íþróttamannslega hegðun og prúðmannlega framkomu. Stjórnendur og kennarar útbjuggu í framhaldinu reglur sem gilda í fótbolta í frímínútum og starfsmenn standa vaktina á rauða- og grænavelli og dæma leiki. Í nokkrum foreldraviðtölunum kom einnig fram að foreldrar hafa áhyggjur af því að tímar falli niður í sundi. Ekki hefur verið hægt að fá afleysingu fyrir sundkennara vegna sérstakra réttinda sem sundkennarar þurfa að hafa. Umsagnabækur voru til umræðu í foreldraviðtölum í október þar sem sérstaklega var hugað að líðan og ástundun nemenda.<br>5. Skólapúlsinn var lagður fyrir nemendur í 6. og 7.bekk. | |
| **Tímarammi** | **Viðfangsefni** | **Ábyrgð** |
| **Nóvember** | 1. Niðurstöður skólapúlsins rýndar á kennarafundi og í skólaráði<br>2. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>3. Lestraráætlanir haustsins kynntar og rýndar<br>4. Viðhorfskönnun í 6. og 7.b í framhaldi af niðurstöðum í Skólapúlsins. | 1. Skólastjórnendur og námsráðgjafi<br>2. Umsjónarkennarar<br>3. Umsjónarkennarar, deildarstjóri stoðþjónustu og stjórnendur<br>4. Skólastjórnendur |
| **Mat:** | 1. Niðurstöður skólapúlsins voru rýndar af skólastjórnendum og umsjónarkennurum í 6. og 7. bekk. Niðurstöðurnar voru neikvæðari og lægri en síðustu misseri. Tölur um einelti voru hærri og aðgerðaráætlun var útbúin í kjölfar niðurstaðna. Niðurstöðurnar ásamt aðgerðaáætlun voru kynntar foreldrum, kennurum og fulltrúum skólaráðs.<br>2. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. | |

3. Lestraráætlanir voru ræddar á stigsfundum og  rýni- og vinnufundum um byrjendalæsi.
4. Til að fylgja betur eftir niðurstöðum skólapúlsins þá var lögð fyrir viðhorfskönnun fyrir nemendur í 6. og 7. bekk þar sem var spurt út í líðan, félagstengsl, samskipti og hádegisverð. Niðurstöður viðhorfskönnunarinnar voru mun jákvæðari en Skólapúlsins. Sjá myndir.

Á matsal líður mér:

55 svör




Í frímínútum - líðan

54 svör




Í frímínútum - virkni

55 svör




Ég á vin / vini í skólanum?

55 svör



| Tímarammi | Viðfangsefni | Ábyrgð |
|---|---|---|
| **Janúar** | 1. Þrjár stjörnur og ósk lagt fyrir nemendur í 1. - 7. bekk - ánægja og sóknarfæri. Lagt fyrir með þátttöku nemendafélagsins FUÁ<br>2. Lesferill lagður fyrir<br>3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun. | 1. Námsráðgjafi, umsjónarkennarar og aðstoðarskólastjóri<br>2. Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu.<br>3. Umsjónarkennarar |
| **Mat:** | 1. Þrjár stjörnur og ósk var ekki lagt fyrir í ár. Ákveðið var að falla frá því þar sem það var svo stutt síðan að viðhorfskönnun hafði verið lögð fyrir nemendur í 5. - 7. bekk.<br>2. Lesferill var lagður fyrir af umsjónarkennurum og sérkennurum.<br>3. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum. | |
| **Tímarammi** | **Viðfangsefni** | **Ábyrgð** |
| **Febrúar** | 1. Niðurstöður lesferils rýndar og kynntar á kennarafundi og fundi skólaráðs.<br>2. Starfsmannasamtöl<br>3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>4. Starfsmannakönnun SFS<br>5. Samantekt umsjónarkennara frá samskiptadegi | 1. Deildarstjóri stoðþjónustu og aðstoðarskólastjóri<br>2. Skólastjórnendur grunnskóla, leikskóla og frístundar<br>3. Umsjónarkennarar<br>4. Skólastjórnendur<br>5. Skólastjórnendur |
| | | |

**Mat**

1. Umsjónarkennarar og sérkennarar lögðu fyrir lesfimi í janúar. Fimm árgangar af sjö eru yfir viðmiði eitt og einn árgangur rétt undir viðmiði tvö. Farið var yfir niðurstöðurnar á kennarafundi og kynnt á fundi skólaráðs.




2. Boðað var til starfsmannasamtala í febrúar og mars.
3. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.
4. Starfsmannakönnun frá Skóla- og frístundasviði var send út í mánuðinum og allir starfsmenn voru hvattir til þess að svara könnuninni. Starfsmenn fengu tengil með tölvupóst frá Skóla- og frístunda sviði.
5. Samantekt umsjónarkennara frá samskiptadegi. Kennarar eru sammála um að viðtölin hafi gengið vel og nemendur og foreldrar eru sáttir og þegar upp kom að eitthvað sem betur mætti fara var það gert í samvinnu og sátt.

| Tímarammi | Viðfangsefni | Ábyrgð |
|---|---|---|
| **Mars** | 1. Niðurstöður fjárhagsárs 2022 - 2023<br>2. Starfsþróunarsamtöl<br>3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>4. Niðurstöður úr starfsmannakönnun SFS rýndar og kynntar starfsmönnum | 1. Skólastjóri og fjármálastjóri Skóla- og frístundasviðs.<br>2. Skólastjórnendur grunnskóla, leikskóla og frístundar<br>3. Umsjónarkennarar<br>4. Skólastjórnendur |

1. Niðurstöður fjárhagsársins 2022 - 2023 komu ekki nógu vel út og töluverður halli var á rekstri leikskóladeildar og grunnskóladeildar. Í niðurstöðum er skekkja því leikskólar RVK voru ekki með fullnægjandi fjármögnun fyrir árið. Skoða þarf betur fjármögnun leik- og grunnskóladeildar fyrir næsta skólaár.
2. Starfsþróunarsamtöl fóru fram í febrúar og mars. Starfsmenn eru í heildina ánægðir í starfi, álag er nokkuð en allflestir hafa ákveðið að vera áfram í starfi á öllum deildum skólans.
3. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum, ræðir við nemendur og hefur samband við foreldra eftir þörfum.
4. Niðurstöður viðhorfskönnunar starfsmanna skólans sem Gallup lagði fyrir starfsmenn Reykjavíkur kom vel út hjá Ártúnsskóla. Heildarmat starfsmanna var hæst hjá Ártúnsskóla miðað við starfsstöðvar á sama sviði eða 4,15. Það á einnig við um stjórnun, starfsanda, ímynd, sjálfstæði í starfi og ánægja og stolt. Niðurstöðurnar voru kynntar starfsmönnum og skólaráði. Sjá myndir á næstu síðum.



Hér má sjá fimm hæstu og lægstu niðurstöðurnar fyrir skólann.



Hér má sjá niðurstöður fyrir helstu þætti:




| Tímarammi | Viðfangsefni | Ábyrgð |
|---|---|---|
| **Apríl** | 1. Skólapúlsinn lagður fyrir nemendur í 6. og 7. bekk<br>2. Rafræn spurningakönnun lögð fyrir nemendur í 5. - 7. bekkur með áherslum á lýðræði og þátttöku nemenda í námi sínu.<br>3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>4. Foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs | 1. Aðstoðarskólastjóri og umsjónarkennarar<br>2. Skólastjórnendur<br>3. Umsjónarkennarar<br>4. Skóla- og frístundasvið |
| **Mat:** | 1. Könnun skólapúlsins var lögð fyrir af umsjónarkennurum í 6. og 7. bekk í apríl en niðurstöður eru ekki tilbúnar fyrr en í maí. | |

| | | |
|---|---|---|
| | 2. Ekki gafst svigrúm í apríl að leggja fyrir könnunina og var hún lögð fyrir nemendur um mánaðarmótin maí/júní.<br>3. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum og hefur samband við foreldra eftir þörfum.<br>4. Foreldrar fengu senda viðhorfskönnun frá Skóla- og frístundasviði í mánuðinum. Niðurstöður í maí/júní. | |
| **Tímarammi** | **Viðfangsefni** | **Ábyrgð** |
| **Maí** | 1. Niðurstöður skólapúlsins rýndar, niðurstöður kynntar á kennarafundi og í skólaráði.<br>2. Lesfimi lögð fyrir nemendur í 1. - 7.<br>3. SELFIE, mat á UT málum. Elstu nemendur, kennarar og stjórnendur taka þátt.<br>4. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun.<br>5. Mat með kennurum á  samþættingartímum.<br>6. Viðhorfskannanir lagðar fyrir nemendur á yngra stigi og eldra stigi.<br>7. Niðurstöður foreldrakönnunar Skóla- og frístundasviðs. | 1. Námsráðgjafi og skólastjórnendur<br>2. Umsjónarkennarar, sérkennarar og deildarstjóri stoðþjónustu.<br>3. Skólastjórnendur<br>4. Umsjónarkennarar<br>5. Kennarar og skólastjórnendur<br>6. Skólastjórnendur<br>7. Skóla- og frístundasvið |
| **Mat:** | 1. Niðurstöður Skólapúlsins úr apríl fyrirlögn var jákvæðari en niðurstöður haustsins. Svör nemenda um einelti eru á niðurleið og nemendur eru ánægðir með hvernig starfsfólk og kennarar taka á einelti og stríðni. Svör nemenda eru undir landsmeðaltali um hvort þeir fái að ráða hvernig þeir skili af sér verkefnum og svör eru einnig lægri um aga í tímum. Jákvæð breyting er af svörum um ánægju af lestri og náttúrufræði og áhuga á stærðfræði.<br>Einelti kom ekki vel út í skólapúlsinum að hausti en það kom betur út að vori sem er jákvætt. | |



Myndin sýnir breytingar á meðaltali skólans á milli mánaða í samanburði við þróunina í viðmiðunarhópnum.

Eftir niðurstöður að hausti var brugðist við með aðgerðaráætlun sem fól m.a. í sér einstaklingsviðtöl hjá námsráðgjafa, dómara í fótbolta í frímínútum, niðurröðun í sæti á matsal og ráðgjafar frá Austurmiðstöð komu inn og unnu með nemendum í félagsfærni.

2. Lesfimi lögð fyrir og niðurstöður birtast í júní.
3. Selfie könnun UT mála var ekki lögð fyrir þetta árið.
4. Umsagnabók, nemendur og kennara meta líðan og ástundun. Umsjónarkennari bregst við niðurstöðum og hefur samband við foreldra eftir þörfum.
5. Mat á samþættingartímum fór fram á kennarafundi. Þar var ákveðið að fækka tímum pr. viku og hafa samþættingu einu sinni í viku á töflu en áfram geta kennarar haft fleiri tíma undir og unnið að samþættum verkefnum á milli árganga.
6. Stjórnendur skólans lögðu viðhorfskönnun fyrir nemendur. Könnunin var mismunandi eftir aldri. Sjá niðurstöður á næstu blaðsíðum.

## 1. - 4. bekkur

Mér finnst maturinn í skólanum?
76 svör




## 5. - 7. bekkur

Mér finnst maturinn í skólanum?
65 svör




## 1. - 4. bekkur

Í frímínútum, líður mér?
75 svör




## 5. - 7. bekkur

Í frímínútum, líður mér?
65 svör



## 1. - 4. bekkur

Í skólanum líður mér:

76 svör




## 5. - 7. bekkur

Í skólanum líður mér:

65 svör




## 1. - 4. bekkur

Hefurðu einhvern fullorðinn til að tala við í skólanum þegar þú þarft? (t.d. kennara, stuðningsfulltrúa, stjórnanda, námsráðgjafa, þroskaþjálfa, ritara, starfsmann)

74 svör




## 5. - 7. bekkur

Hefurðu einhvern fullorðinn til að tala við í skólanum þegar þú þarft? (t.d. kennara, stuðningsfulltrúa, stjórnanda, námsráðgjafa, þroskaþjálfa, ritara, starfsmann)

65 svör



7. Niðurstöður foreldrakönnunar kom vel út. Grænu súlurnar eru Ártúnsskóli og bláu súlurnar eru viðmiðunar hópurinn sem eru grunnskólar í Reykjavík.




Nám og kennsla - meðalskor
Skóli
Ártúnsskóli
Meðaltal 2024
Meðaltal Reykjavík
5
4
3
2
1
4.17
3.89
4.34
4.11
4.21
3.96
3.99
3.71
4.02
3.66
3.81
3.88
4.00
3.67
Barnið mitt er áhugasamt um að læra í skólanum**
Barnið mitt er hvatt til þess að leggja sig fram í náminu
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í náminu
Ég fæ góðar og leiðbeinandi upplýsingar um námsárangur barnsins með reglubundnum hæ...
Ég fæ góðar upplýsingar um námsmarkmið barnsins með reglubundnum hætti*
Ég hef tekið þátt í að setja barninu markmið í námi
Heimanám barnsins hefur skýr markmið og er vel skipulagt




| Tímarammi | Viðfangsefni | Ábyrgð |
|---|---|---|
| **Júní** | 1. Niðurstöður lesfimi rýndar og kynntar á kennarafundi og fundi skólaráðs. | 1. Deildarstjóri stoðþjónustu og skólastjórnendur<br>2. Skólastjórnendur |

| | | |
|---|---|---|
| | 2. Símenntunaráætlun, metin og drög að næstu kynnt.<br>3. Sjálfsmat nemenda og mat kennara í umsagnabókum sem meta líðan og ástundun endurmetið eftir breytingar þessa árs.<br>4. Þættir í Skólanámskrá endurskoðað og rýndir<br>5. Yfirferð lögbundinna áætlana<br>6. Heilsueflandi skóli og grænfáni, mat og starf vetrarins metið og skýrslum skilað<br>7. Gagnvirk viðhorfskönnun foreldra<br>8. Mat á kennslu í byrjendalæsi | 3. Umsjónarkennarar<br>4. Skólastjórnendur og kennarar<br>5. Skólastjórnendur og kennarar<br>6. Verkefnastjórar í heilsueflingu og umhverfismennt og grænfána<br>7. Skólastjórnendur<br>8. Skólastjórnendur og verkefnastjóri byrjendalæsis |
| **Mat:** | 1. Niðurstöður lesfimi bárust í júní byrjun. Niðurstöður lesfimi voru sambærilegar við fyrri niðurstöður á skólaárinu. Allir árgangar eru yfir viðmiði 1.  Bláa línan á línuritinu er Ártúnsskóli og rauða línan er landsmeðaltal. Gráu brotalínunarnar eru svo viðmið 1 - 3. Allir árgangar eru yfir viðmiði 1. Þrír árgangar, 1. 5. og 6. bekkur eru á pari við landið. Tveir árgangar, 3. og 4. bekkur eru undir landinu. Og tveir árgangar, 2. og 7. bekkur eru fyrir ofan landsmeðaltalið. Farið var yfir niðurstöðurnar með kennurum á kennarafundi.<br> | |

| | |
|---|---|
| | 2. Á fundi með kennurum var farið yfir símenntunaráætlun skólaársins og símenntunaráætlun næsta árs kynnt.<br>3. Á fundi um innra mat í júní var farið yfir umsagnabókina og ræddar og rýndar þær breytingar sem gerðar voru á fyrirkomulaginu haust 2023. Ákveðið var að halda sama fyrirkomulagi og farið var af stað með á skólaárinu og einnig ákveðið að einfalda umsagnarbók yngstu árganganna.<br>4. Endurskoðun greinasviða Aðalnámskrár grunnskóla stendur yfir, sjá hér. Af þeim sökum var tekin sú ákvörðun af stjórnendum og kennurum að við myndum bíða með endurskoðun skólanámskrár okkar að sinni á meðan breytingar á greinasviðum standa yfir.<br>5. Lögbundnar áætlanir voru kynntar á kennarafundi og rýndar af stjórnendum á vordögum.<br>6. Í heilsueflandi skóla og grænfána var skýrslum skilað þar sem mat var lagt á starf vetrarins. Skólinn fékk á árinu endurnýjun á grænfánananum og hefur mátt flagga honum frá árinu 2008 og skólinn hefur einnig náð öllum fjórum grænu skrefum Reykjavíkurborgar í rekstri. Ný markmið í skóla á grænni grein fyrir næstu tvö árin voru samin af nemendum í umhverfisnefnd og ríma vel við einkunnarorð skólans. Einkunnarorð skólans eru árangur, virðing og vellíðan og nýr umhverfissáttmáli er: *Árangur af virðingu er vellíðan. Berum virðingu fyrir öðru fólki og öllu á jörðinni, umhverfið er ekki ruslafata. Ef aðrir sýna okkur virðingu líður okkur vel. Ef okkur líður vel náum við betri árangri.* Í heilsueflandi grunnskóla var skýrslu skilað inn í júní. Áherslur vetrarins voru á hreyfingu og næringu bæði nemenda og starfsmanna.<br>7. Viðhorfskönnun foreldra frá Skóla- og frístundasviði var send út í ár og af þeim sökum var ákveðið að senda ekki út til foreldra aðra viðhorfskönnun.<br>8. Mat á kennslu í byrjendalæsi var tekið út á vordögum bæði af verkefnastjóra frá Háskólanum á Akureyri sem stýrir miðlægt byrjendalæsi sem og af verkefnastjóra skólans í byrjendalæsi. Af þáttum sem voru metnir var heildarniðurstaða 186 af 213 mögulegum. Sóknarfæri eru kynningar fyrir foreldra á vorfundi fyrir verðandi 1. bekk, bæta bókakost í kennslustofum svo hann styðji við viðfangsefni í læsisnámi og í kennsluáætlunum sé tilgreint hvernig samvinna við stoðþjónustu og aðra stuðningsaðila sé háttað. Einnig þarf að huga betur að gagnvirkum lestri nemenda s.s. að beita forspá, rannsaka merkingu, draga saman og spyrja spurninga. |

**Innramats áætlun fyrir grunnskóla í Austur - Gæðaviðmið Menntamálastofnunar**

Verið er að innleiða sjálfsmat með grunnskólum í Austur hverfi Reykjavíkurborgar (Árbær, Grafarvogur, Grafarholt og Kjalarnes) og þar tekur Ártúnsskóli þátt. Notast er við gæðaviðmið MMS og rýnt í tvo þætti á ári. Til að halda utan um þær niðurstöður er notast við rafrænt kerfi sem kallast Bravo lesson.

Viðauki með þessari sjálfsmatsskýrslu er umbótaáætlun úr bravolesson þar sem áherslan var á *inntak og námskrá* og *faglegt samstarf* og *samræðu* og þeir þættir metnir út frá gæðaviðmiðum MMS.

Hér má sjá hverjir áhersluþættir hvers skólaárs eru frá 2022 - 2028.

**2022 - 2023**
2.2 Árangur náms
2.6 Ábyrgð og þátttaka

**2023 - 2024**
2.1 Inntak og námskrár
1.2 Faglegt samstarf og samræða

**2024 - 2025**
2.3 Gæði kennslu
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

**2025 - 2026**
2.4 skipulag náms
1.2 Tengsl við foreldra og og aðra í skólasamfélaginu

**2026 - 2027**
2.5 Námsvitund
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

**2027 - 2028**
1.1 Samvirkni í stefnumótun
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks